



Fréttir 1. september 2016

Autodesk Industry Collections

Þann 1. ágúst sl. hóf **Autodesk** að bjóða upp á þrjá **Industry Collections** forritapakka sem gefa kost á samseldum aðgangi að hugbúnaðarlausnum fyrirtækisins með einni áskrift. Söfnin eru fánleg fyrir einn eða fleiri notendur og þar er að finna:



- **Architecture, Engineering and Construction Collection.** Um er að ræða líkanapakka um byggingaupplýsingar (building information modeling - BIM) fyrir mannvirkjagerð og byggingastarfsemi. Í safninu er að finna 22 vörur og þjónustupætti, þar með talið Revit, AutoCAD, AutoCAD Civil 3D, InfraWorks 360 og, eins og í hinum tveimur söfnunum, 25 GB geymslurými í skýi.
- **Product Design Collection.** Í þessum pakka með 14 hlutum er að finna hönnunar- og verkfræðitól fyrir vöru- og vélhönnun, svo sem **Inventor Professional**, **AutoCAD** og **Navisworks Manage**, ásamt skýþjónustunni **Fusion 360**.
- **Media and Entertainment Collection.** Tólapakki fyrir þrívíddarteikningu (3D) ætlað þeim sem vinna með sjónbrellur og leikjapróun. Þar er m.a. að finna Maya, 3ds Max og 6 önnur forrit.

Nýju áskriftarpakkarnir koma í stað **Design and Creation Suites** forritapakkanna frá Autodesk sem ekki eru lengur í boði eftir 1. ágúst. (Hætt var að selja nýjar ótímabundnar áskriftir fyrir stök forrit þann 1. febrúar í ár.)

"Þegar við kynntum Suites-forritapakkana, álitum við okkur vera að einfalda ferlið umtalsvert", sagði Carl White, framkvæmdastjóri viðskiptalíkana hjá Autodesk. Það kom þó í ljós að þrepaskipt aðgangsskipulag að forritum í forritapökkunum, þar sem boðið var upp á þrjú þrep, Standard, Premium og Ultimate, olli ákveðnu óöryggi um hvaða forrit væru innifalin í hverjum pakka fyrir sig. "Skipulagið ruglaði viðskiptavinum okkar reyndar enn meira í rýminu", hélt White áfram. Hvað nýju söfnin varðar er ekki um nein innri þrep að ræða, eina breytan er tímalengd áskriftarinnar.

Enn er þó í boði áskrift að einstökum forritum og fram kemur hjá Autodesk að viðskiptavinir geti gerst áskrifendur að einstökum forritum eða skýþjónustu, svo sem verkfæri til eftirlíkinga (simulation) eða gagnamsjónar til þess að bæta við söfnin og takast á við sérhæfðari þarfir.

Þróun til framtíðar litið.

Að mati Autodesk er einfaldasta, hagkvæmasta og sveigjanlegasta stefnan sú að bjóða samþætt og samfelld forrit ásamt því að hætta að selja ótímabundin leyfi en taka upp áskriftarfyrirkomulag. "Það kemur bæði Autodesk og viðskiptavinum þess best að sameina alla þjónustupættina í bara þrjá pakka", sagði White. Þegar ekki er lengur um ótímabundin leyfi að ræða, er Autodesk ekki lengur bundið við að uppfæra forrit sín einu sinni á ári heldur getur tekið uppfærslur í notkun og gert breytingar og komið með viðbætur við forritasöfnin um leið og þau eru tilbúin til notkunar.

HSM - tilboð haustsins



Tilboð 1

Nú er hægt fá Inventor HSM og HSMWorks með miklum afslætti:

Kaupið tvö leyfi og fáið 50% afslátt á leyfi nr. 2

Kaupið þrjú leyfi og borgið fyrir tvö. Leyfi nr. 3 er frítt.

Tilboð 2

Kaupið áskrift til tveggja ára og þú færð 15 % afslátt

Kaupið áskrift til þriggja ára og þú færð 20 % afslátt

Þetta er auka 10% afsláttur miðað við venjulegt verð.

Kennsluáætlun haustsins.

AutoCAD 2017 & AutoCAD LT 2017

grunnnámskeið

30.09.2016

AutoCAD electrical 2017 Essentials	framhald	24.11.2016
AutoCAD electrical 2017 Essentials	grunnnámskeið	17.11.2016
Autodesk Inventor 2017 Essentials	grunnnámskeið	21.10.2016
Autodesk Revit Architecture 2016	grunnnámskeið	3.12.2016
Autodesk Inventor 2017 "Supermodels"	framhald	11.11.2016

Bókun og upplýsingar um námskeiðin er í síma 590 6400 milli kl.9 og 16.

Einnig má skrá sig á heimasíðu lðunar


www.idan.is

undir liðnum: **Námskeið fyrir AutoCAD og Inventor**

Inventor 2017 R2

Út er komið **Inventor 2017 R2**. Þetta er útgáfa sem er eingöngu aðgengileg áskrifendum og útgáfan er stútfull af nýjungum. Flestar nýjungar eru til komnar vegna óska frá notendum.


Model Tree endurbætur - auðveldara að átta sig á skráaupbyggingu



Mini Toolbar - Nú er hægt að slökkva á þessari

Undo/Redo - Sýnir lista skipanna svo hægt er að velja margar "undo/redo" í einu.

Measure Command - Man eftir síðustu stillingu




Nýr Tangent valmöguleiki

- auðveldara að velja "tangent" kanta og fleti.



AnyCAD

- Orðið ennþá betra! Hægt er að "mappa" eiginleika (properties) á milli skráa þriðja aðila og Inventor skráa þegar þriðja aðila skrár eru fluttar inn.




Make Part/Component:

- endurbætt. Í Inventor 2017 R2, getur þú einnig valið sketch blokkir og "solid bodies" í sketch.

Teikninga umhverfið:

- Hér er um að ræða þrjá nýjungar.

Snúa miðjumerki samhliða kannti



Nýr Solid Hatch möguleiki og hægt er að skilgreina lit.


Í þriðja lagi er nú hægt að

endurraða balloons í númeraröð eða stafrófsröð.

Presentation umhverfið - Nýja (2017) .IPN umhverfið hefur fengið þarfa yfirhalingu.

Einn af nýju möguleikumum er að hægt er að **vista myndir með gegnsæum bakgrunni.**

Hér er vídeó frá cadline þar sem farið er yfir nýjungar: [VIDEO](#)



Þetta er góð og vönduð viðbótarútgafa og hvet ég notendur til að nota **Inventor Idea Station** til að koma hugmyndum sínum á framfæri og þannig bæta framtíðarútgáfur af inventor.

TIPS & TRICKS

Inventor

Sheet metal og SW

Eins og við vitum þá getur Inventor unnið með Solid Works parta og samsetninga og í þessu vídeó sjáum við hvernig hægt er að breyta SW sheet metal part í Inventor part og fletja út.

[Myndin er hér](#)

AutoCAD: Hvernig á að endurstilla AutoCAD

Af ýmsum ástæðum getur farið svo að við viljum endurstilla **AutoCAD** þannig að það er uppsett eins og í upphafi. Þetta getur oft leyst / leiðrétt galla sem upp kunna að koma.

Gildin / stillingar í **AutoCAD** er geymd í registry'ð og eða í notendaprófilnum í Windows. Þetta þýðir að hver notandi sem hefur ræst AutoCAD er með sínar stillingar og því verður hver notandi að endurstilla. Þetta hangir að sjálfsgöðu saman við hvernig við skráum okkur inn í Windows.

ATH: Þessi aðferð endurstillir ekki uppsetningaskrár t.d. DLL skrár. Til þess verður að nota "re-install"

Að endurstilla: Windows 7

Start menu > All Programs > Autodesk > AutoCAD 201x > Reset Settings To Default

Windows 8

- 1.) Smella á Windows hnappinn til að komast í "Start".
- 2.) Hægrismella neðs á skjánum.
- 3.) Smella á niður píluna til að komast í forritin.
- 4.) Í AutoCAD hlutann, smellið á "Reset Settings to Default."

Windows 8.1

- 1.) Smella á Windows hnappinn til að komast í "Start".
- 2.) Smella á niður píluna til að komast í forritin.
- 3.) Í AutoCAD hlutann, smellið á "Reset Settings to Default."

Windows 10

Start menu > All Apps > Autodesk > AutoCAD 201x > Reset Settings To Default


Vandræðateikningar í AutoCAD

Einstöku sinnum lendum við í því að getað ekki notað Trim/Extend, Hatch, Bpoly og Area. Upp koma skilaboð í þessa veru:


"Object is not Co-planar to current UCS"

Eins getum við séð að texta sem nota True Type letur vera allt of feitt.

Þetta getur orsakast af að tvívíddarhluti krækir sig í þrívíddarhlut sem hefur Z hæð önnur en 0. Þetta er auðvelt að athuga með því að horfa á teikninguna frá öðrum sjónarhóli. Hægt er að nota "Flatten" skipunina eða breyta Z-hæð í Properties.




Til að koma í veg fyrir að þetta gerist aftur athugið þá "Options" > drawing flipann og hakið við "Replace Z Value with Current Elevation" (venjulega 0)




Vantar Express Tools?

Ef **Express Tools** vantar í borðanum í **AutoCAD** gætir þú þurft að setja tólið upp eða hlaða inn í **CUI**. (custom User Interface).

Til að bæta express tools inn í AutoCADer farið í Control Panel í tövunni, farið í "program and features" og smelt á AutoCAD. Glugginn sem kemur upp hefur þrjá valmöguleika. Valið er "Add or Remove features"




Merkja við "Express Tools" og smella á "update".




Ef það er þegar hakað við **Express Tools** þýðir það að tólið er ekki hlaðið inn í AutoCAD. **Skrifið þá eftirfarandi á skipanalínuna: CUILOAD** , smellið á load og farið í eftirfarandi möppu og leitið að skrá sem heitir acetmain.cuix.


C:\Users\notendanafn\AppData\Roaming\Autodesk\AutoCAD xxxx\ Rxx.x\enu\Support \acetmain.cuix



Smellið á Load og Express Tools ætti að vera í listanum, smellið á Close.



Express Tools eru nú sýnd í borðanum.



Stundum verður að endurræsa AutoCAD til að sjá breytinguna.

Þangað til næst:
Lifið heil.

Finnur P. Fróðason
Hafið Samband:

sími: 5523990 -
cad@cad.is

CAD ehf, Skulagata 10, Reykjavík, IS-101 Iceland

[SafeUnsubscribe™ {recipient's email}](#)

[Forward email](#) | [Update Profile](#) | [About our service provider](#)

Sent by finnurp@cad.is in collaboration with



Try it free today